

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri  
Dags. 27. mars 2020  
Mnr. 2020030054



ÍSAFJÖRÐARBÆR

---

## Frestun gjalddaga fasteignagjalda 2020

Samkvæmt samþykktri gjaldskrá fasteignagjalda eru gjalddagar tíu á árinu 2020. Fyrsti gjalddagi er 15. janúar og sá síðasti er 15. október. Eindagi er 30 dögum á eftir gjalddaga og er því síðasti gjalddaginn á eindaga 15. nóvember. Það sem af er ári hafa þrír gjalddagar verið sendir út, nú síðast gjalddagi 15. mars sem er á eindaga 15. apríl næstkomandi. Eftir á því að gefa út 7 gjalddaga til viðbótar í þeim tilfellum sem þau hafa ekki verið greidd upp að öllu leiti.

Til að auka sveigjanleika í núverandi ástandi er lagt til að boðið verði upp á að sækja um frest á gjalddögum ársins 2020 sem verða 15. apríl og síðar. Hægt verði að óska eftir því með því að fylla út form á heimasíðu eða með tölvupósti á sérstöku eyðublaði sem er sent á netfangið [innheimta@isafjordur.is](mailto:innheimta@isafjordur.is). Einnig verður hægt að skila inn eyðublaðinu í móttöku bæjarskrifstofunnar, Hafnarstræti 1. Hægt verður að óska eftir að fresta einum eða fleirum gjalddögum fasteignagjalda. Beiðni um frestun gjalda viðkomandi mánaðar verður að berast í síðasta lagi 15 dögum fyrir eindaga.

Vonast er til þess að þessi tímabundna breyting á gjalddögum fasteignagjalda feli í sér aukinn sveigjanleika í ljósi tímabundins tekjufalls og óvissu, sem náí hvoru tveggja til heimila og fyrirtækja. Markmiðið er að innheimta verði sanngjörn og dráttavextir og kostnaður í lágmarki um leið og jafnræðis og hagsmuna sveitarfélagsins verði gætt.